

21. janúar 2019

Fyrirspurn vegna frumvarps númer 393 um þungunarrof.

Fyrirspurninni er beint til aðstandenda frumvarpsins og Velferðarnefndar.

Rúmlega 43 ár eru liðin frá því að lög nr. 25/1975 um fóstureyðingar tóku gildi. Nýtt frumvarp fellir út orðið fóstureyðing. Það orð þýðir að fóstur sem er fjarlæggt úr legi konu er eytt. Í stað orðsins „fóstureyðing“ kemur orðið „þungunarrof“. Frumvarpið segir ekkert um, hvað verði um fóstrin sem eru fjarlægð með þungunarrofi. Siðferðislega séð er mikilvægt að eftirfarandi spurningum verði svarað og svörin gerð opinber.

Hvað verður um fóstrin sem að fjarlægð verða við þungunarrof?

Hver á eignarrétt á líkómum þeirra?

Hvernig skilgreinið þið fóstur útfrá lagalegum og siðferðislegum forsendum?

Til eru lög um dýravernd og barnavernd, eru til lög um fósturvernd?

Er eitthvað vafamál um að fóstur sé einstaklingur með eigið erfðamengi og eigin líkama?

Vitið þið til þess að fóstur séu notuð sem hráefni í lyfja og snyrtivöruiðnaði eða í aðra framleiðslu?

Hvaða lög gilda á Íslandi um slíkt?

Eru núna, eða má ætla að fjárhagsleg verðmæti verði í framtíðinni í fóstrum, sem að fjarlægð hafa verið úr konum?

Ef svo er, eru þá ný lög um þungunarrof að opna fyrir þann möguleika, að líkamar kvenna verði nýttir til framleiðslu á fóstrum í hagnaðarskyni?

Hvaða lög eru í gildi um möguleg viðskipti á mannsfóstrum og afurðum unnum úr mannsfóstrum?

Með fyrirfram þökk,

Guðrún Sæmundsdóttir

230762-5979

Kjartan Birgisson

020860-4809